

AFSTÆÐI

AFSTÆÐI: Allt er afstætt. Það fer eftir því hvaðan horft er, hvenær, og hver það er sem horfir, hvernig menn skynja tilveruna. Þannig getur einfalt gildi eins og "metri" tekið á sig hinar ólíkustu myndir.

NÚLL: Tvær jafnar stærðir, önnur jákvæð en hin neikvæð vega hvor aðra upp og útkoman verður núll.

BLÝ er sérkennilegt efni, það breytir sér mjög lítið í aldanna rás, er mjög "stabílt" efni, og er oft notað vegna þessa eiginleika síns. Blýið er ennfremur mjúkt og hægt er að móta það kalt, ólíkt öðrum málum. Yfirborð blýsins í verkum mínum er ennfremur ákaflega viðkvæmt, með mörgum mismunandi slípiumferðum hef ég gefið því þunna yfirborðsáferð sem þolir alls enga sneringu við hörund, því sýran í húðinni ætí samstundis far eftir snertinguna.

Fyrir mér er list heimspeki. Verk mín fjalla um tengsl manns og jarðar sem og alheims, manninn í óratíma veraldar, mannlegar skynjanir. Verk mín eru einungis örsmátt brot af heildinni.

Hversu frumleg sem við viljum vera þá vinnum við í raun ávallt út frá sömu grunn forsendunum sem eru jörðin í alheiminum og tilvera mannanna á jörðinni; maður og menning í tengslum við náttúru, jörðu og alheim. En listamenn eru sífellt að velta upp nýjum flötum á sama veruleikanum og skoða hann frá nýjum sjónhornum.